

Sp.

381. Tillaga til þingsályktunar

[149. mál]

um undirbúning að byggingu þurrkvíar.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa tvo menn til þess að ræða við bæjaryfirvöld Reykjavíkur og Hafnarfjarðar um möguleika á því að byggja sem fyrst þurrkví, er rúmað geti 6 þúsund smálesta skip, en síðar mætti stækka svo, að hún tæki 18 þús. smál. skip, samkvæmt fram komnum tillögum nefndar, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun samþykktri á Alþingi 1951, til undirbúnings þessu máli, enda verði þegar tryggð með samningum hæfilegt landrými fyrir mannvirkið og skipulagning þess.

Niðurstöður umræðnanna ásamt tillögum um framkvæmdir, staðarval og fjáröflun skulu sendar ríkisstjórninni fyrir 1. okt. n. k., en hún leggur þær síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi til afgreiðslu.

Greinargerð.

Á Alþingi 1951 var samþykkt að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því, hvar á landinu væri hentugast og ódýrast að koma upp þurrkví til hreinsunar og viðgerðar á skipum, og láta að lokinni þeirri athugun semja kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar þar, sem hagkvæmast þætti að koma henni upp. Skyldi miða við þurrkví, er tekið gæti 18 þús. smálesta skip, en jafnframt athuga kostnað við byggingu þurrkvíar, sem aðeins rúmaði 6 þús. smálesta skip.

Eftir ýtarlega athugun á mörgum stöðum á landinu komst nefnd sú, er ríkisstjórnin skipaði til að athuga og undirbúa þessi mál, samkvæmt framanritaðri samþykkt, að þeirri niðurstöðu, að um fjóra staði væri að ræða, er rannsaka þyrfti, áður en að hægt væri að gera tillögur um staðsetningu kvíarinnar. Þessir staðir voru: Vatnagarðar við Reykjavík, Hafnarfjörður, Njarðvíkur og Patreksfjörður. Nefnd, sem skipuð hafði verið af Alþingi 1943, til að gera tillögur um staðsetningu þurrkvíar og skipasmíðastöðvar, hafði áður athugað þessi mál og lagt til, að þurrkvíin yrði byggð rétt innan við Klepp, en við nánari athugun á botnlagi þar og dýpi kom í ljós, að heppilegra mundi að koma kvínni fyrir nokkru utar við voginn en þá var gert ráð fyrir.

Jafnskjótt og nefndin hafði komizt að þeirri niðurstöðu, er að framan greinir, réð hún verkfræðinga til þess að athuga byggingarmöguleika á fjórum fyrrnefndum stöðum og til þess jafnframt að gera kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar, ásamt teikningum og verklýsingum. Þegar framanritaðar áætlanir höfðu verið gerðar kom í ljós, að gerlegt var að koma fyrir þurrkví fyrir 6 þús. smálesta skip á öllum fyrrnefndum stöðum, og var kostnaður áætlaður sem hér segir: Á Patreksfirði 27.7 millj. kr., í Njarðvíkum 26.44 millj. kr., í Vatnagörðum 18.74 millj. og í

Hafnarfirði 17.98 millj. En auk þess lágu fyrir eldri áætlanir um byggingu þurrkviar fyrir 6 þús. smál. skip sem hér segir: Innan við Klepp fyrir 20.5 millj. kr. og í Reykjavíkurhöfn fyrir 24.5 millj. Við þessar athuganir var upplýst, að engir stækkunarmöguleikar voru fyrir hendi á Patreksfirði, í Njarðvíkum og í Reykjavíkurhöfn, og með því að bygging þurrkviar fyrir 6 þús. smálesta skip var auk þess allmiklu dýrari á þessum stöðum en bæði í Vatnagörðum og í Hafnarfirði, þótti sýnt, að annar hvor þeirra staða kæmi aðeins til greina fyrir hina væntanlegu þurrkvi. Að fengnum þessum upplýsingum lét nefndin gera kostnaðaráætlun um byggingu þurrkviar fyrir 18 þús. smálesta skip, þannig að byggð yrði í fyrri áfanga þurrkvi, er rúmaði 6 þús. smálesta skip, en síðar mætti stækka fyrir 18 þús. smálesta skip. Var fyrri áfangi áætlaður kosti 22.62 millj. kr. í Hafnarfirði, en 23.5 millj. við Vatnagarða, en síðari áfanginn 7.5 millj. kr. í Hafnarfirði, en 7.74 millj. við Vatnagarða. Af þessu varð ljóst, að kostnaðurinn einn gat ekki haft úrslitaáhrif á það, hvor staðurinn yrði valinn, heldur gæti þar um ráðið margvíslegar aðrar aðstæður.

Áætlanir þær, sem að framan greinir, voru sendar ráðuneytinu síðari hluta ársins 1952. En vegna þess, hversu mörg og stór fyrirtæki voru þá í framkvæmd eða í undirbúningi, svo sem áburðarverksmiðjan, Sogs- og Laxárvirkjanir, sementsverksmiðja o. fl., þótti ráðuneytinu ekki gerlegt að leggja til, að hafnar yrðu þá þegar framkvæmdir á verki, sem sýnt var að kosta mundi milljónatugi og engar líkur væru til að gæti beinlínis staðið fjárhagslega undir sér, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Hefur máli þessu því ekkert þokað áfram umfram það, sem að framan er getið.

Ljóst er, að hér er um svo aðkallandi og alvarlegt mál að ræða, ekki aðeins fyrir allar siglingar landsmanna, heldur og fyrir þann hluta iðnaðarins, sem lýtur að skipaviðgerðum og skipasmíði, að óverjandi er, að ekki sé gert allt, sem mögulegt er, til þess að hrinda því í framkvæmd sem allra fyrst. Skipastóll landsmanna fer stækkandi ár frá ári, en ekkert af þeim skipum, sem eru yfir 1500 smálestir, hefur nokkra aðstöðu til þess að fá hér botnviðgerðir eða botnhreinsun eins og stendur, auk þess sem fjöldi skipa undir þessari stærð verður að leita til útlanda til þess að fá þar slíka þjónustu, ef ekki á að eyða hér löngum og dýrmætum tíma til þess að bíða eftir henni vegna vantandi þurrkviar. Má m. a. benda á, að skip, sem nýlega strandaði við Engey og náð hefur verið á flot, hefur ekki getað fengið hér viðgerð beinlínis vegna skorts á þurrkvi og liggur hér enn öllum aðilum til mikils tjóns. Er augljóst hvílikt feiknatjón er fyrir þjóðina að búa enn um langan aldur við slík skilyrði í sambandi við skipaiðnaðinn. Það er því aðkallandi mál að hefjast þegar handa um viðtækari undirbúning á þessu máli, og er þá mest aðkallandi að fá sem allra fyrst ákveðið, hvar þurrkviin skuli byggjast, og tryggja henni þar nægilegt land fyrir athafnasvæði og fá það skipulagt, einkum þegar vitað er, að lönd, sem henta bezt undir þessar athafnir, eru í mikilli hættu fyrir því að verða numin undir aðra starfsemi til ómetanlegs tjóns fyrir þetta mál. Þá er einnig aðkallandi að gera sér ljóst, á hvern hátt unnt er að tryggja nægilegt fé til þess að koma mannvirkinu upp og ákveða jafnframt, hvaða aðilar skuli hafa um það forustu, svo og hvernig unnt er að tryggja almenningi sem hagkvæmust not af mannvirkinu í framtíðinni. Mun allur sá undirbúningur taka nokkurn tíma, en þarf hins vegar ekki að hafa mikil útgjöld í för með sér. Hins vegar er óhjákvæmilegt, að slíkur undirbúningur fari fram, áður en hafizt er handa um frekari framkvæmdir.

Með þáttill. þessari er ekki ætlað til annars en að málið fái þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, til þess að ljóst liggi fyrir, hvort unnt sé í náinni framtíð að hrinda í framkvæmd þessu aðkallandi máli og þá á hvern hátt, svo og að tryggja mannvirkinu þann stað, sem heppilegastur þykir til byggingar þurrkvinni. Er þess vænt, að þingmenn samþykki þáttill. og ríkisstjórnin skipi síðan hæfa menn til að leita samninga við hlutaðeigandi aðila um framkvæmd þeirra atriða, sem þáttill. tekur til.